

2344. fundur stjórnar, varastjórnar og landshlutafulltrúa Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 27. febrúar 2026 og hófst kl. 16:30. Fundurinn var haldinn á Hótel Valaskjálfi (Þingmúla) á Egilsstöðum.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Sigrún Ríkharðsdóttir
Ólafur Hrafn Ólafsson
Guðmundur Bj. Hafþórsson
Þorsteinn Haukur Harðarson

Forföll:

Börkur Edvardsson
Pálmi Haraldsson
Trausti Hjaltason
Tryggvi Gunnarsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð

Gestir á fundinum undir lið nr 5:

Gísli Gíslason 1. þingforseti
Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna á þennan síðasta fund þessa starfsárs og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2343). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af ÍTF.
 - a. Ein fundargerð nefnda lögð fram:
 - 12. fundur mótanefndar
 - b. Heimir Fannar formaður ÍTF fór yfir helsta í starfi ÍTF.
 - Aðalfundur ÍTF var á dögnum og varð ein breyting á stjórn. Davíð Þór Viðarsson úr FH kemur inn í stjórn fyrir Styrmí Bragason úr Val. Rekstur ÍTF er traustur og er stefnt að arðgreiðslu í lok árs vegna uppgjors á Bestu deild 2022-2026.
 - Stærsta verkefni ársins er að semja um sjónvarpsrétt að Bestu deildunum.
3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu.
 - a. Stutt er síðan að síðasti fundur var haldinn en síðustu vikuna hefur mest allur tíminn farið í undirbúning ársþings.

4. Skýrslur frá landshlutafulltrúum.

- a. Tryggvi Gunnarsson sem er landshlutafulltrúi fyrir Norðurland var fjarverandi.
- b. Trausti Hjaltason sem er landshlutafulltrúi fyrir Suðurland var fjarverandi.
- c. Þorsteinn Haukur Harðarson landshlutafulltrúi Vesturlands gerði grein fyrir stöðunni hjá félögum á Vesturlandi.
- d. Guðmundur Bj. Hafþórsson landshlutafulltrúi Austurlands fór yfir það helsta í hans landshluta og bar þar hæst undirbúningur fyrir ársþingið.

5. Ársþing KSÍ á Egilsstöðum

- a. Gísli Gíslason þingforseti og Axel Kári Vignisson lögfræðingur KSÍ voru gestir undir þessum lið. Fóru þeir yfir tillögurnar sem lágu fyrir þinginu auk praktískra atriða.
 - Þingskjal nr. 7. *Tillaga til lagabreytinga. Aðild að KSÍ.*
Rætt um athugasemdir sem bárust frá ÍSÍ.
 - Þingskjal nr. 8. *Tillaga til lagabreytinga. Samninga- og félagaskiptanefnd.*
Umræður urðu um tillöguna.
 - Þingskjal nr. 9. *Tillaga til ályktunar – Nýtt knattspyrnufélag í Breiðholti.*
Þingskjal nr. 9b – *Tillaga til ályktunar – Sameining knattspyrnudeildar ÍR og Leiknis R.*
– Umsögn mótanefndar. Umræður urðu um tillöguna. Stjórn KSÍ styður tillöguna að því gefnu að tekið sé tillit til umsagnar mótanefndar.
- b. Eysteinn Pétur fór yfir almennt skipulag helgarinnar, nákvæmt tímaplan á öllum viðburðum, skipulag og komu gesta, hverjar tilnefningar í starfshópa væru o.fl. Þá sagði Axel Kári frá því að hann muni undir önnur mál á þinginu fjalla stuttlega um Samstöðustyrk UEFA vegna afreksþjálfunar sem lið í Bestu deild karla fá og þær kröfur sem gerðar eru sem skilyrði til þess að fá styrkinn.
- c. Halldór Breiðfjörð formaður Viðurkenningarnefndar hjá KSÍ fór yfir tilnefningar sem borist hafa vegna Gulls- og Silfurmerkis KSÍ.
 - Árni Ólason – Höttur – Gullmerki KSÍ
 - Kristján Guðþórsson – Höttur – Silfurmerki KSÍ
 - Hugrún Hjálmarsdóttir – Höttur – Silfurmerki KSÍ
 - Gunnar Ingi Valgeirsson – Sindri – Silfurmerki KSÍ
 - Jóna Petra Magnúsdóttir – KFA – Silfurmerki KSÍ
 - Þorsteinn Haukur Harðarson – Víkingur Ó – Silfurmerki KSÍ
 - Guðmundur Bj. Hafþórsson – Spyrnir – Silfurmerki KSÍ

Stjórn KSÍ samþykkti einróma allar tilnefningarnar og var ákveðið að afhenda þær á kvöldverðarhófi á Hótel Valaskjálfi á laugardagskvöldinu eftir ársþing.

6. Önnur mál

- a. Helga Helgadóttir varaformaður bað um orðið og vakti máls á beiðni ÍBV og Víkings Reykjavíkur um að leika leik í Lengjubíkar kvenna á Spáni á meðan liðin verða stödd í æfingaferð. Umræður urðu um málið og allir sammála um að uppfylla þurfi lög og reglugerðir þegar beiðnir sem þessar koma.
- b. Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ þakkaði stjórn fyrir liðið starfsári en engar breytingar verða á stjórn eða varastjórn KSÍ á næsta starfsári. Hins vegar mun Þorsteinn Haukur hætta sem landshlutafulltrúi fyrir Vesturland sem og Trausti Hjaltason sem landshlutafulltrúi fyrir Suðurland. Eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir sitt framlag og

þeirra góðu störf.

Fundi slitið kl. 17:30.

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næsti fundur: Ákveðinn eftir ársþing sem og fundarplan næsta starfsárs.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Tinna Hrund Hlynisdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Sigrún Ríkharðsdóttir

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Undirritunarsíða

Þorsteinn Haukur Harðarson

Guðmundur Björnsson Hafþórsson

Eysteinn Pétur Lárusson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson